

HEIMSKRINGLA

Kæmur til á hverjum mánudag.
Ókeypis og ókeypis.
THE VIKING PRESS, LTD.

Vorð blaðsins í Kanada og Bandaríkjunum \$2.50 um árið (fyrirfram borgun).
Post til Íslands \$2.50 (fyrirfram borgun).
Allar borgir sendist ráðgjafinn blaðsins.
Post til Íslands \$2.50 (fyrirfram borgun).
The Viking Press, Ltd.

O. T. Johnson, ritstjóri
S. D. B. Stephenson, ráðgjafi

750 SHERBOOKE STREET, WINNIPEG
P. O. Box 2171

WINNIPEG, MANITOBA, 6 AGOST 1919

Kornuppskera Canada

Skömmu eftir miðja síðustu viku fluttu blöðin þá frétt, að sambandsstjórnin hefði í hyggju að taka að sér hveitiverzlun Canada þetta ár. Markmið stjórnarinnar er að stemma á þenna hátt stígu fyrir gróðabráll kornverzlanna og tryggja þannig að gróðinn lenti í vasa bændanna sjálfra. Lágmarksverð verður að sagt er ákveðið \$1.75 bushelið, sem greiðist bændum undir eins; en verði söluverð stjórnarinnar hærra, skiftist ágóðinn á milli bændanna hlutfallslega eftir gæðum hveitisins. Tilhögun verður í stuttu sagt sem fylgir:

1. Verzlunarráð verður skipað til að hafa til allra umráða hveitiverzlun Canada þetta ár.

2. Bændum greiðist hið ákveðna lágmarksverð er þeir selja hveiti sitt.

3. Verzlunarráðið sér um að hveituppskera Canada þetta ár verði seld hæsta verði, sem fánlegt er á veraldar markaðinum. Og afgangsgóða, að frá dregnum kostnaði, verður svo skift á meðal bændanna hlutfallslega eftir gæðum (grade) hveitisins.

4. Kornkaupmanna samfundum (grain exchanges) leyfist ekki neitt gróðabráll í sambandi við hveiti uppskeru landsins þetta ár. Engum öðrum, sem um hveiti fjalla, leyfist heldur að hafa nein gróðabragð í framm.

5. Markmiðið er að þeim og bráð sala hveitisins verði möguleg frá hálfu bóndans og greiðari flutningur á hveiti eigi sér stað til veraldarmarkaðarinnar. — Þar sem kornverzlunarráð Bandaríkjanna og annara landa eru nú keppinautar Canada, stendur stjórnin betur að vígi hvað sölu hveitisins snertir til útlanda, en smáfélög eða einstaklingar.

Fyrir stjórninni vakir að bændur í Canada fái borið úr býtum hæsta verð fyrir hveiti sitt og að gróðinn allur verði þeirra, en lenti ekki í klóm kornverzlara og fjárgreifaranna. Sömuleiðis er stjórninni áhugamál að hveitimjöldið hef heima fyrir stígi ekki í hærra verð en réttlætalegt er af hinu virkilega verði, sem fyrir hveitukornið fæst á veraldar markaðinum. Verður því ekki annað sagt en markmið stjórnarinnar sé viðtækt hvað hlunnindi alþýðunnar snertir.

En þar sem slík tilhögun brýtur í bága við hlunnindi kornverzlanna, er ekki annars að vænta en öflugrar mótspyrnu úr þeirri átt. Munu þær vafalaust kappkosta að innræta bændum, að öhindruð verzlun eða "opin markaður" hafi nú mestu blessun í för með sér. Einar um ráðin fái þær hafið hveitiverðið hæst — og þó riflegur ábati renni í sjóð þeirra (kornverzlanna), þá sé slíkt, engan veginn athugasvert! Hætt er líka við að slík rökfærsla nái að hafa töluverð áhrif og margir af bændum láti tilleiðast að verða móttallnir hinu fyrirhuguðu tilhögun stjórnarinnar.

En taka verður núverandi kringumstæður til greina. Eins og nú horfir, verður Canada að standa í samkeppi á heimsmarkaðinum, er undirorpin er miklum örðugleikum og vanda. Til þess að geta staðið í þeirri samkeppi svo vel fari þarf feikna peningamagn og stendur stjórnin þar ólíkt betur að vígi en kornverzlannir. Þegar líka er tekið tillit til þess, að stjórn Bandaríkjanna hefir skipað kornverzlunarráð til að hafa umráð með allri hveitiverzlun landsins, virðist óhjákvæmilegt að það sama eigi sér stað hér í Canada. Og að þetta er gert, er í fyrsta samræmi við kröfur bændafélaganna hér á síðastliðnu vori.

Þing liberala í Ottawa.

Hið mikla þing liberala, sem hófst í Ottawa 5. þ. m. og stendur yfir í þrjá daga, hlýtur að sjálfsgöðu að hafa töluverða þýðingu í för með sér á stjórnmálavíði landsins. Öll

helztu vandamál þjóðarinnar eiga þar að takast til umræðu og afstaða liberaflökkssins að skapast í sambandi við þau. Eins á nú löksins að gera gangskör að því að skipa eftirmann Sir Wilfrid Laurier hietins, svo liberal flokkurinn þurfi ekki að vera leiðtogalaus lengur — eða með öðrum orðum höfuðlaus her.

Þing þetta er, sögulegur viðburður, sérstaklega sökum þess að það er fyrsta þing liberal flokksins síðan hann skiftist í tvö sumarið 1917. Eins og menn muna urðu stefnur flokksins þá tver og skifting um leið óhjákvæmileg. Sá hluti flokksins, sem mótfallinn var herskyldu, lagði þá út í kosningabaráttuna undir forustu Sir Wilfrid Laurier, en hinn hlutinn sameinaðist konservatíum — með það göfuga markmið fyrir augum að leggja fram fylstu krafa í þjóðarinnar þágu. Þeir liberalar, sem þá stefnu völdu, móttu meira hag þjóðarinnar sem heildar og að hermönnum hennar á Frakklandi væri sendur nauðsynlegur höstýrkur, en "pólitískt" gengi flokksins, og fyrir sannan þjóðræknishug, er þeir þá syndu, verðskulda þeir þökk allra réthugsandi manna.

Kosninga úrslitin urðu þau, að Laurier-liberalar biðu algerðan ósigur. Þjóðin úrskurðaði með atkvæðum sínum hvor stefnan væri henni gefðeldari. Síðan hafa Laurier-liberalar áralítið látið til sín taka, þangað til nú að þeir efna til hins mikla flokksþings í Ottawa og stefna þangað fulltrúum skoðana-bræðra sinna víðsvegar að úr landinu. Tilgangurinn vafalaust sá að vekja við öflin, sem sotið hafa og hefja við nýjan leik öflugra þátttöku í stjórnmálum landsins.

Tilraunir hafa verið gerðar í sameiningaráttina, kappkostað af ítrasta megni að koma öllum liberaölum landsins undir sameiginlegt merki. Ekki verður þó séð að tilraunir þær hafi borið mikinn árangur, enda slíks tæplega að vænta. Samsteypustjórnin er enn við völdin og margir af helztu leiðtogum liberala henni enn þá tilheyndir. Og að svo komnu hafa fáir þeirra sýnt sterka löngun að hverfa til baka, enn ekki um heilt gróð milli þeirra og Laurier-liberalar — skiftingin ríkjandi enn þá.

Og á meðan þessi skifting flokksins á sér stað, verður ekki með sannri sagt að þing liberala, sem nú stendur yfir í Ottawa, sé þing liberal flokksins í heild sinni. Að halda öðru eins fram væri hin mesta fjarstæða.

Það er þing að eins nokkurs hluta liberal flokksins, getur þar af leiðandi engan veginn skoðast flokksþing í orðsins eiginlega skilningi.

Fengið frelsi.

Frelsið er dýrmætasta gjöf mannkynsins. Allir þrá það sem hið mesta heoss, er lífið hefir að bjóða, allar þjóðir þessa heims tigna það sem hið háleitasta markmið er unt sé að keppa eftir. Sannar frelsis hugsjónir eru aflgjafi alls þess, sem miðar að æðri þroskun og meiri framförum hverrar þjóðar.

Sem dæmi þess hve yfirgripsmikil áhrif frelsisð hefir á hugi þjóðanna, má nú benda á Pólland. Síðan Pólverjar fengu aftur fult frelsi hefir hver lífsbárta eins og verði þeim léttari, hve örðug sem áður var viðfangs, og þrautir allar og alt stríð eins og hverfandi í samanburði við það, er áður átti sér stað. Þjóðin er eins og að vakna af vonndum draumi, til nýrra og bjartara lífs.

Þeim miklu breytingum, sem átt hafa sér stað á Póllandi í seinni tíð, er nýlaga all-itarlega lýst af einum fregnrita blaðsins *London Times*. Skrifar hann frá borginni Warsaw á Póllandi, og hljóðar einn kafla greinar hans sem fylgir í lauslegri íslenskri þýðingu.

"Undarlegt er að maður skuli verða að leggja leið sína til Póllands, eins hinna niðru niddu stríðslanda, til að geta vakið við þá áhyggjulausu lífsánægju, sem gríðland átti í Evrópu þangað til árið 1914. Maður verður slíks ekki var í Lundúnum, enn síður í París og vissulega ekki í Vínarborg — en finnur það í Warsaw.

Á Englandi, Frakklandi og Þýskalandi er fólk smám saman að hverfa til fyrra lífs, en stórlega þjakað eftir fjöggra ára áreynslu og áhyggjur. Hinir fyrri lífshættir eru endurvaktir, en nýir þroskuldur í vegi í hundrða tali og óteljandi örðugleikar framundan. Pólverjar eiga áhyggjuefni og hættur við að stríða engu síður, en eins og gleyma öllu slíku í gleði sinni yfir fengnum þjóðrættindum eftir 150 ára undirokun. Frakkar í dag, þrátt fyrir fenginn sigur, hugsa um hina einu og hálfu miljón hraustra drengja, sem fallið hafa í valinn, og hin eyðilögðu landsvæði. Pólverjar aftur á móti, þó engu minni þjáningar hafi orðið að þola og tala hinna föllu sé þar hlutfallslega eins stór, hugsa nú eingöngu um sína fögru framtíð í skauti frelsisins. Þjóðin

þar hegðar sér eins og nú eigi hún ekki lengur við nokkrar áhyggjur að stríða.

Þó fyrir sjö mánuðum síðan Pólland væri maríð undir jarnhæl hins þýzka hervaðs, er enn orsakar að verkalyður landsins á við megnan atvinnuskort að búa, hefir Warsaw furðanlega tekið að fæstast til hins fyrra útlits og fyrirkomulags fríðartímanna. Útlit borgarinnar í augum aðkomenda vottar regluskipun og ríkjandi ánægju hjá fólkinu. Vöruverð er þar þó egleiga hátt, litill brauðmoli kostar þar eins mikið og stórt brauð á Englandi, og hlýtur þetta að hafa töluverða neyð í för með sér fyrir fátækari stéttirnar, þó ekki beri mikið á því. Þrátt fyrir hið háa vöruverð, virðast lífskjör meirihluta þjóðarinnar hin viðunanlegustu.

Tilhögun öli virðist þar hentug og góð. Kaupsýslumanninum er þar mögulegt að ná í ökuvagn eða flutningskeru án langrar tafar, og er það mjög ólíkt og á sér stað í Lundúnum eða París. Götur eru þar hreinar og vel hirtar. Matvara þar nægileg og góð; þó seld sé háu verði. Fólk allra stétta, að þeim fátækustu undanskildum, er mjög vel til fara. Maður verður var við atvinnuskort í all-stór-um stíl, en enga ökyrd eða óánægju. Ef til vill eru áhrifin við fyrstu sjón óáreiðanleg og villandi, en engum fær þó dulist sá mikli fögn- uður þjóðarinnar, sem hið nýfengna frelsi hefir skapað.

Hvernig þjóðernismeðvitund, hins pólska bónda hefir náð að þroskast, þrátt fyrir tilraunir Rússa, og Þjóðverja að bæla hana niður, er eitt af því eftirtektarverðasta í sögu síðustu aldar. Og þar sem Pólland er nú frjálst og sameinað er þjóðernisandinn nú eins öflugur og nokkrum sinni áður. Á undan- gengnu hálfu ári hafa Pólverjar séð bolshevismann leika lausum hala alt í kríggum sig, en lægri stéttirnar hafa þar verið of stoltar og of fagnandi yfir frelsi landsins til þess að ljá eyra byltungagjörnum æsingamönnum.

Eins og nú er áttast er herinn helztu uppretta og örvin þjóðræknisandans. Pólverjar eru stoltir af hverjum her þeirra, sem mestmegnis samanstendur af sjálfbóðaliðum, hefir náð að vaxa og verða öflugur. Herdeildin smáa er í nóvembermánuði síðastliðnu, undir stjórn Pilsudski herforingja, afvopnaði Þjóðverja og hrakti þá burt úr Warsaw, er nú orðin að álitlegum her, sem fest að 500 þúsund mönnum tilheyrir. Einnig er eftirtektarvert að tveir stærstu kastalar Warsaw eru nú miðstöðvar hermálastjórnarinnar og yfirforingja ráðsins. Pólverjar hafa ávalt verið bardagapjóð. Eins og nú er á stað, hvað lengi sem það verður, skipar herinn öndvegi í huga þeirra.

Svo virðist sem hver fimti maður á götum borgarinnar sé í hermannafötum. Getur þar að líta einkennisbúninga af öllu tagi. Parna sést hinn grái litur hinna upprunalegu pólsku herdeilda, sem stofnaðar voru af Pilsudski hershöfðingja, hinni blái litur "Haller's herdeildanna", hinni ameríski einkennisbúningur seinustu sjálfbóða, og saman við þetta blandast svo margvislegir einkennisbúningar hinna fornu rússnesku og austurrísku hersveita. Á hvaða tíma dags sem er sjást fylkingar ungra hermanna á göngu eftir götum borgarinnar, og þær þá annaðhvort á leið til eða koma frá heræfingastöðvum. Hermenn þeir eru knálegir og vasklegir á velli, bera sig vel á hergöngu og þramma tignarlega áfram við hljófall sinna fögru hersöngva. Allir synja þeir sem eigi þeir líf að leysa, og undir eins og til þessara syngjandi hersveita heyrir stað næmist fólk í smáhópum á götum og augnaráð allra lýsir stolti og aðdáun, þegar þær þramma fram hjá.

Maður fær eigi varist þeirri hugsun, að leit sé svo margir ungir menn, sem með réttu ættu nú að vera vinnandi á bújörðum sínum eða að ljúka við nám, skuli í þess stað tilneyddir að hervæðast. En Pólland hefir að svo komnu litla ástæðu til að treysta öðru en eigin krafti. Bandþjóðirnar hafa mikið tal- að um réttindi Póllands, en Pólverjar þó sjálf- if orðið að fá þeim réttindum fullnægt. Sílesía, Austur- og Vestur-Þrússland eru enn í höndum Þjóðverja og Pólverjum fyrirsjáan- legt að svæðum þessum verði ekki náð án baráttu. Og því verður ekki neitað að hin þjóðlega framsókn Pólverja er undir því kom- in að Þjóðverjar sleppi algerlega hendi af svæðum þessum. Samfara Austur-Þrúss- landi eru afnot Danzig hafnarinnar. Fram að þessum tíma hefir Þjóðverjum hepnast að útiloka Pólverja frá frjálsri aðgöngu að hafinu og munu kappkosta að fá komið slíku til leiðar sem lengst. — Þegar pólskar vörur eiga frjálsan aðgang að hafinu og er pólsk verzlun nær að stjölpa að velvegan þjóðarinnar, þá en fyr ekki, mun Pólverjum finnast tími til kominn að sverðunum sé breytt í plógskera."

ISLENDINGAR Í GUÐATÖLU.


(Fransh. frá 1. bla.)

Það — að hér væri um íslendinga að ræða. Engir aðrir hvítir menn sigldu til Ameríku á undan Columbusi. En þá kemur spurningin um það, hver þessi glæsilegi íslendingur sé, sem slíkan heiður hefir hlotnast.

Mikið má það vera, ef fornað- ur okkar geyma ekki einhverastað- ar lykilið að þeirri gátu. Og það virðast þær líka gera. Frá okkar hálfu virðist ekki vera nema um einn mann geta verið að ræða, Björn Breiðvíkingakappa.

Björn Ásbrandsson Breiðvíkingakappi er einn af glæsilegustu hetjunum, sem sögur vorar geta um. Hann var skáld gott, drengur hinn bezt, mesti atgervismaður og framaður mjög erlendia, meðal annars um langan tíma með Jóms- vikingum. Hann var sonur Ás- brands í Kambi í Breiðvík. Varð ætterna kært með honum og hús- freyjunni á Fróða, systur Snorra goða. Þóttist bóndi hennar ekki mega þola þær búafjar. Skarst Snorri í máli og leiddi það til þess, að Björn fór utan. — En þegar hann kom út aftur, sótti fljótt í sama horfið, og leiddi til nýrra vandráða. Loks varð það að sættum, að Björn færi úr landi. Lét hann þá í haf og hefir ekkert með vissu spurst til hans síðan.

Eyrbyggja saga sleppir honum þó ekki alveg að svo komnu. Björn muni hafa farið úr landi al- "Guðleifr hét maður; hann var farinn (Safn. I. 327—39 og 488). son Guðlaugs hins aðga úr A "ofanverðum dögum" Ólafs Straumfirði, bróðir Þorfinna, er helga, segjum 1026—1028 (Dr. Sturlungar eru frá komnir". — "Átti knörr mikinn". — "Það var ofarlega á dögum Ólafs hins helga (1015—1030) at Guðleifr hafði kaupferð vestur til Dyflinnar; en er hann sigldi vestan, ætlaði hann til Íslands; hann sigldi fyrir vestan Írland, og fékk aust- anveður og landnryðinga, og rak þá langt vestur í haf og útsuður, svá at þeir vissu ekki til lands; en þá var mjök áliðið sumar, og hétu þeir mörgu, at þá bæri úr hafinu, ok þá kom þar, at þeir urðu við land varir; þat var mikil land, en eigi vissu þeir hvat land þat var. Þat ráð tóku þeir Guðleifr, at þeir sigldu at landinu, því at þeim þótti ilt at eiga leng; við hafsmegnit. Þeir fengu þar höfn góða; en er þeir höfðu þar litla stund við land verit, þá koma menn til fundar við þá; þeir kendu þar engan mann; en helzt þótti þeim, sem þeir mælti írsku; brátt kom til þeirra svo miklit fjölmenni, at þat ákifti mörgu hundruðum. Þessir menn veittu þeim atgöngu ok tóku þá alla ok bundu, og ráku þá síðan á land upp. Þá voru þeir færðir á mót eitt ok dæmt um þá. Þat ákildu þeir, at sumir vildu at þeir væri dreppir, enn sumir vildu, at þeim væri skift á vistir ok væri þeir þjáðir. Ok er þetta var kært, at þeir hvar reið flokkir manna, ok var borit merki í-flokkinum; þótt- ust þeir þá vita at höfðingi nokkr mundi vera í flokkinum; og er flokk þenna bar þangað at, at þeir, at undir merkinu reið mikill maðr ok garpligr, ok var þó mjök á efra aldr ok hvít fyrir hælum. Áliur menn, er þar váru fyrir, hneigðu þeim manni ok fögnuðu sem herra sínum; fundu þeir brátt at þangað var slættit öllum ráðum ok atkvæðum, sem hann var —" (Eyrb. 64). Eg hirði nú ekki lengur að þræða söguna orði til orða. Þessi mikli maður mælir við þá á "norrena tungu" (= íslenzku), og spyr um nafngreinda menn, sem Eyrbyggja saga nefnir, meann, sem Eyrbyggja saga nefnir, einkum eftir Snorra goða, Þurði á Fróða og Kjartani syni hennar (og Bjarnar). Hann frelsar Guðleif og alla skipshöfnina úr höndum landsmanna, en ræður þeim til að fara þegar úr landi, því að ekki sé þeim þar óhætt. Loks fær hann þeim minjagrip. sem hann biður þá færa Kjartani á Fróða og Þur- iði móður hans. En ekki vill hann segja til nafna síns. "Seg



Dodd's Kidney Pills, 50c askjan, eða sex öskjur fyrir \$2.50, hjá öllum lyfshúsum eða frá

The DODD'S MEDICINE Co.
Toronto, Ont.

at sá sendi, at meiri vin var hús- freyjunnar at Fróða, en goðans at Helgafelli, bróður hennar". Svo skilja þeir. Guðleifr lætur í haf og nær eftir mikla hrakninga til Ír- lands síðla um haustið, og loka heim.

Enga dul dregur höf. Eyrbyggja á það, að þetta muni verið hafa Björn Breiðvíkingakappi. Og vér, sem söguna lesum nú, erum heldur ekki í miklum vafa um það. Guð- brandur Vigfússon telur Björn sættum, að Björn færi úr landi. Lét hann þá í haf og hefir ekkert með vissu spurst til hans síðan.

Saga þessi er færð í letur senni- lega minst 200 árum áður en Kristófer Kolumbus fann Ameríku, af manni, sem enga hugmynd gat haft um stærð og legu þess miklamæginlands eða afstöðu þess við önnur lönd (t. d. Írland) aðra en þá, sem hann hafði af Vin- landsferðum-Íslendinga. Samt seg- ir hann svo frá, að vér getum með tilliti til veðurstöðunnar sama sem rakið slóð skipa Guðleifs vestur um Atlantahafið — eins og vér getum nú líka rakið siglingu Bjarnar Herjólfssonar frá odda til odda á leiðinni frá austurströnd Ame- ríku til Grænlands. Um sann- leiksgildið í þessum siglingasög- um Íslendinga í Ameríku, getur nú enginn efast lengur; enda hafa þær staðið af sér allar vefengingar.

Sennilega hafa miklu fleiri Ís- lendingar sezt að í Ameríku ein- hverstaðar, en nokkrar sögur fara af. Eitt sinn lögðu yfir 20 skip (25) út úr Breiðafirði og Borgarfirði, sem ætluðu til Græn- lands, en ein 14 komust þangað (Flateyjarbók I. 430). Hvað varð af öllum hinum? "Sum rak aftur, en sum týndust". Vel get- ur verið að það séu afkomendur einhverra þeirra skipshafna, sem landi vor. dr. Vilhjálmur Stefá- son, hefir nú rekist á nyrzt í Ame- ríku. Hvað sem því líður, virðist vera undarlega náð samband milli sögu Indíánanna, sem Jacobsen fann, og sögunnar um Björn Ás- brandsson Breiðvíkingakappa.

Guðm. Magnússon.
(Dv.fél. alm. 1919)

Brjóstmyndin af Sir Wirlid Laur- ier, eftir Þorstein Þ. Þorsteinsson, kostar \$1.00. Myndin fæst keypt í Winnipeg hjá útgefanda, 732 McGee St., Finni Johnson, 698 Sargent Ave og Hjalmarí Gíslasyni, 506 Newton Ave. — Einnig hjá ástjórnum í byggðum Íslendinga.